

Geerings gegn Hollandi

Dómur frá 1. mars 2007

Mál nr. 30810/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sakleysi uns sekt er sönnuð. Eignaupptaka.

1. Málsatvik

Kærandi, Gerardus Antonious Marinus Geerings, er hollenskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1977 og búsettur í Eindhoven. Í maí 1998 var hann dæmdur til fimm ára fangelsisvistar fyrir þjófnað, innbrot, tilraun til innbrots, viðskipti með stolinn varning og fyrir aðild að glæpasamtökum. Í janúar 1999 var hann sýknaður að hluta í dómi áfrýjunardómstóls og dómurinn mildaður í 36 mánaða fangelsisvist, þar af 12 mánuði skilorðsbundna til tveggja ára.

Í mars 2001 staðfesti áfrýjunardómstóll kröfu um upptöku eigna kæranda að andvirði 66.930 evrur. Staði kærandi ekki skil á umræddri fjárhæð skyldi 490 daga varðhald koma í stað þess. Fjárhæð þessi var vegna allra þeirra brota sem kærandi var sakfelldur fyrir í undirrétti. Dómstóllinn taldi sterk rök hníga til þess að hann hefði framið umrædd brot þrátt fyrir að hafa sýknað hann af ákæru fyrir hluta þeirra. Kærandi áfrýjaði til hæstaréttar en án árangurs.

Árið 2004 komst kærandi að samkomulagi við yfirvöld vegna greiðslunnar. Greiddi hann 10.000 evrur þegar í stað og eftirstandandi fjárhæð skyldi hann greiða með afborgunum, 150 evrur á mánuði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að krafa um upptöku eigna sem byggðist á því að hann hefði hagnast á brotum sem hann var sýknaður af bryti í bága við 2. mgr. 6. gr. sáttmálans, þ.e. rétt hans til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á fyrri fordæmi þar sem fallist var á að kröfur um upptöku eigna í kjölfar sakfellingar teldust hluti af ákvörðun refsingar og féllu því utan ramma 2. mgr. 6. gr. sáttmálans. Í þeim málum hefðu aðilar verið sakfelldir fyrir fikniefnabrot, væru undir áframhaldandi grun um fleiri sambærileg brot, sýnt hefði verið fram á að þeir hefðu í fórum sínum eignir án þess að unnt væri að staðreyna uppruna þeirra, sterk rök hnígu að því að viðkomandi hefði komist yfir þær með ólöglegu athæfi og að viðkomandi hefði ekki getað sýnt fram á með fullnægjandi hætti hver uppruni þeirra væri.

Dómstóllinn taldi hins vegar mál kæranda ekki vera sambærilegt framangreindum málum. Í fyrsta lagi hefði ekki verið sýnt fram á að kærandi hefði í fórum sínum eignir sem hann gat ekki sýnt fram á með fullnægjandi hætti hvaðan væru upprunnar. Dómstóllinn taldi kröfu um eignaupptöku í kjölfar sakfellingar ekki eiga við, þegar um væri að ræða eignir sem ekki væri vitað hvort væru í fórum umrædds aðila eður ei. Í þeim tilvikum sem maður hefði ekki verið sakfelldur, væri krafa um upptöku slíkra eigna sérstaklega óviðeigandi ráðstöfun. Ef hvorki væri sýnt fram á, með óbyggjandi hætti, að viðkomandi hefði framið umrædd brot né að hann hefði hagnast með einhverju móti á þeim, gæti slík ráðstöfun einungis byggst á ályktun um sök. Í öðru lagi væri krafan tengd brotum sem kærandi hefði í raun verið sýknaður af.

Í ljósi þessa og með vísan til í þeirrar meginreglu í 2. mgr. 6. gr. sem veitir ekki svigrúm til að láta í ljós efasemdir um sakleysi einhvers eftir að sýknudómur hefur fallið, og með vísan til þess að áfrýjunardómstóll gekk í raun skrefinu lengra en að láta í ljós efasemdir um sakleysi kæranda hefði kærandi verið dæmdur sekur án þess að sekt væri sönnuð að lögum.

Einróma niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið í bága við 2. mgr. 6. gr. sáttmálans. Að svo stöddu reyndist ekki unnt að taka ákvörðun um bætur á grundvelli 41. gr. sáttmálans.